

## **Af gefnu tilefni um framkvæmd verðkannana**

- **Vinnulag ASÍ er úrelt og vinnur gegn nýbreytni**
- **Hallað á Kost í túlkunum og úrvinnslu**
- **Ofríki Bónuss ógnar hagsmunum neytenda**

Ákvörðunin um að taka ekki þátt í verðkönnun ASÍ er tekin í mótmælaskyni en forsvarsmenn Kosta telja verslunina ekki hafa notið sannmælis hingað til í könnunum ASÍ. Kannanirnar sendi neytendum villandi skilaboð. Sérstaklega eru forvarsmenn Kosta ósáttir við framsetningu niðurstaðna í fréttatilkynningum sem ASÍ sendir frá sér. Þar hefur jafnan hallað á Kost langt umfram það sem niðurstöður verðkannanna hafa gefið tilefni til. Sem dæmi má nefna að í fréttatilkynningu sem fjölmiðlum barst eftir síðustu könnun ASÍ var mikið gert úr því að Kostur hefði verið oftast með hæsta verðið en ekki minnst einu orði á þá staðreynd að samanlagt verð var lægra í Kosti en í Krónunni. Nokkuð sem telja hefði mátt að væru fréttir sem ættu skýrt erindi við neytendur.

## **Úreltar og ómarkvissar aðferðir**

Einnig telur Kostur að sú aðferð sem ASÍ beitir, þegar teknar eru ákvarðanir um hvaða vörur skuli bornar saman á milli verslana, komi sérstaklega illa út fyrir Kost. Vinnulag ASÍ hefur mótast af því vöruúrvali sem verið hefur á markaðnum undanfarin ár og hentar ekki nýbreytni sem Kostur hefur komið með í vöruúrvali. Þannig hefur ítrekað verið borin saman gæðavara frá þekktum vörumerkjum við afsláttarvöru sem fengist hefur í Bónus og öðrum íslenskum verslunum. Þar til að ASÍ hefur endurskoðað vinnulag sitt telur Kostur ekki forsvaranlegt að taka þátt í verðkönnunum sambandsins. Betra sé að neytendur geri eigin verðsamanburð á meðan þetta ástand breytist ekki.

## **Innkaupsverð Kosta hærra en útsöluverð Bónuss**

Það er þó ekki aðeins við gallaðar verðkannanir að etja. Samkeppnistaða á matvörumarkaði er enn mjög skökk. Bónus er með markaðsráðandi stöðu (60% markaðshlutdeild á lágvöruverðsmarkaðnum) og beitir henni óspart til að kúga bæði framleiðendur og til að bola öðrum kaupmönnum út af markaðnum. Sem dæmi má nefna að innkaupsverðið á 1 lítra af nýmjólk sem Kostur greiðir Mjólkursamsölunni er 101 kr. með virðisaukaskatti, en verðið út úr búð á sömu vöru hjá Bónus er 98 krónur.

## **Stjórnvöld tryggja eðlilegt samkeppnisumhverfi**

Það sér hver maður að við þetta verður ekki búið til lengdar, nema að Íslendingar vilji búa við einokunarverslun til framtíðar. Stjórnvöld verða að grípa til aðgerða og tryggja að nýir aðilar geti dafnað við hlið Bónuss. Neytendur verða að hafa raunhæft val. Það er engum auðvelt sem starfar í viðskiptum að mæla með því að ríkið beiti handafla og brjóti upp fyrirtæki. En ef Bónus breytir ekki starfsaðferðum sínum og heldur áfram misbeita markaðsráðandi stöðu sinni gegn hagsmunum neytenda þá er erfitt að sjá að það sé nokkur önnur leið en að ríkið grípi inn í og leiðrétti þá óheilbrigðu samkeppnisstöðu sem framleiðendur og kaupmenn búa við undir ofríki Bónuss.

Virðingarfyllst,

F.h. starfsmanna Kosta

Jón Gerald Sullenberger